

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við afhendingu
verðlauna fyrir verkefnið MenntaMaskína í ráðhúsi Reykjavíkur. Haldið
fimmtudaginn 28. nóvember 2019 kl. 13**

Kæru þátttakendur og aðrir góðir gestir.

Háskóli Íslands er einn af lykilþátttakendum í nýsköpunarumhverfinu hér á landi þegar litið er til rannsókna og kennslu og er óhætt að fullyrða að á hverjum degi eigi sér stað nýsköpun af einhverju tagi innan skólans. Einnig er Háskóli Íslands einn af eigendum Icelandic Startups og bakhjarl Gulleggsins, þar sem nemendum skólans gefst tækifæri til að vinna að fjölbreyttum hugmyndum, gjarnan í þverfræðilegu samstarfi.

Við okkur blasa stórar samfélagslegar áskoranir og Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfi sínu og stefnu. Gæði rannsókna, undirbúningur stúdenta og ekki síst frumkvöðlastarf munu skipta sköpum um framlag og árangur okkar í þágu heimsmarkmiðanna. Það er því sérstaklega ánægjulegt fyrir Háskóla Íslands að eiga aðkomu að MenntaMaskínunni, og öll byrjuðuð þið ykkar verkefni á Þekkingarhraðlinum svokallaða í Háskóla Íslands. Þar lögðuð þið fræðilegan grunn að þeim hugmyndum að sem þið hafið síðan þróað áfram og útfært af mikilli hugvitssemi. Það hefur verið skemmtilegt og gefandi fyrir okkur í Háskóla Íslands og Vísindasmiðju skólans að vinna með ykkur og sjá hugmyndirnar ykkar vaxa og springa út.

Það er okkur líka mikið ánægju efni að fá að veita þeim nemendum sem sigra í hraðalínum verðlaun í formi styrks til endurgreiðslu á skrásetningargjaldi við Háskóla Íslands.

Kæru þátttakendur, ykkar vinna skiptir máli og hvort sem að hún mun skila sér í lausn sem fer áfram eða ekki, þá búið þið yfir þjálfun í lausnaðmiðaðri hugsun, þverfaglegri samvinnu og nýsköpun og þessi þekking mun gagnast ykkur í hverju því sem þið takið ykkur fyrir hendur. Það að vera frumkvöðull og sýna þann dugnað og þor sem til þess þarf er virðingarvert og nauðsynlegt ef íslenskt samfélag ætlar að eiga þátt í stærstu viðfangsefnum komandi áratuga. Þið eigið öll lof skilið. Ég óska ykkur velfarnaðar.

Takk fyrir.